

## Houdini

Hinn frægi töframaður og flóttalistamaður, Houdini, tryllti áhorfendur með djörfum og oft hættulegum flóttatriðum!

Nú getur þú tekið þátt í töfrunum og reynt að leysa þessar 40 mögnuðu þrautir.

### Innihald:

- 40 þrautir
- 2 reipi
- Lás og 2 hringir
- Houdini Líkami og fótleggir
- Gildrubúr
- Tunna
- Ferðapoki

### Leiðbeiningar

1. Veldu þraut.
2. Bittu Houdini eins og sýnt er.
3. Frelsaðu Houdini með því að losa hann úr reipunum án þess að losa hespunar.

### Að binda Houdini

Byrjaðu alltaf á enda reipisins. Þræddu reipið í gegnum grindurnar á búrinu, hringinn, tunnuna og lásinn og gættu þess að Houdini sé á réttum stað. Áður en þú byrjar á úrlausninni, athugaðu vel að þú hafir bundið Houdini eins og myndin sýnir.

Í sumum þrautum er notast við ákveðna gerð lykkjuhnúts, til að hnýta hann skaltu fylgja skrefunum á myndunum (sjá enskar reglur).

Í sumum þrautum eru fótleggir Houdinis ekki notaðir. Auðvelt er að fjarlægja þá og festa aftur á eftir þörfum.

### Arg! Ég get ekki frelsað Houdini!

Þú getur frelsað Houdini í öllum 40 þrautum og þarft ekki að beita neinu afli! En engar áhyggjur þótt allt fari í hnút. Þá losar þú einfaldlega hespunar og byrjar aftur.

### Ráð til að frelsa Houdini

- Reyndu að koma Houdini í áttina að öðrum enda reipisins.
- Gerðu tilraunir til að finna hvaða hlutar komast í gegnum hvern annan.
- Reyndu að flækja ekki reipin.
- Stundum þarftu að losa um annan hluta áður en þú getur frelsað Houdini.
- Mundu að nota það sem þú hefur lært af fyrr þrautum.